



Óskum eftir að ráða fyrir skólaárið 2026-2027

Reykholtsskóli er grunnskóli fyrir nemendur í 1. til 10. bekk. Í skólanum eru tæplega 100 nemendur. Kjörorð skólans eru Virðing-Velliðan-Samvinna. Skólinn er Grænfánaskóli og leggur áherslu á fagleg vinnubrögð, teymisvinnu, verkefnaamiðað nám, fjölbreytta kennsluhætti ásamt list- og verkgreinar. Reykholtsskóli er annar tveggja grunnskóla Bláskógabyggðar. Gott samstarf er við aðra skóla í Árnesþingi.

Eftirfarandi störf eru laus til umsóknar:

- Handmenntarkennari (40-50% staða)
- Umsjónarkennari á miðstigi (100% staða)
- Kennari á miðstigi (100% staða)
- Þroskaþjálfari (80-100% staða)

Við leitum að einstaklingum með leyfisbréf til kennslu og menntun á viðkomandi sviði. Einstaklingum sem eru góðir í mannlegum samskiptum, sveigjanlegir og sjálfstæðir í vinnubrögðum með vilja til að starfa í teymi. Góð íslenskukunnátta er nauðsynleg.

Umsóknir

Umsóknum skal fylgja ferilskrá og upplýsingar um meðmælendur.

Störfin henta einstaklingum óháð kyni.

Umsóknarfrestur er til 8. maí 2026.

Öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar veitir Lára Bergljót Jónsdóttir, skólastjóri, í síma 847 5353.

Umsókn ásamt ferilskrá skal send á netfangið lbj@reykholtsskoli.is.